

Styrkir til náms í lýðháskólum í Danmörku

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) veitir ungu fólki sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku styrk fyrir námsárið 2018 - 2019.

Markmið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn. Einnig tækifæri til að kynnast nýju tungumáli og menningu, auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogatogahæfileika sína um leið.

Athugið að styrkir eru greiddir út eftir á, þ.e. í júlí 2019. Til þess að uppfylla kröfur um styrkinn þurfa umsækjendur að skila eftirfarandi verkefnum:

- 1. Verkefni að eigin vali á meðan námsdvöl stendur. Umsækjendur geta valið að skila inn stuttu myndbandi, teiknimyndaseríu, lagi eða texta sem felur í sér upplifun eða reynslu af náminu. Skilafrestur 31. október 2018 og 15. mars 2019.*
- 2. Stutt lokaskýrsla sem felur í sér upplifun og lærdóm af náminu. Jafnframt þarf að fylgja með staðfesting á námsdvöl frá skólanum. Skilafrestur 10. janúar og 29. júní 2019.*
- 3. Þeir nemendur sem hljóta styrk fyrir heilt skólaár (40+ vikur) þurfa jafnframt að standa skil af kynningu um skólann sinn, hvað hefur skólinn upp á að bjóða? Skilafrestur 10. janúar 2019.*

Athygli er vakin á því að styrkur er ekki greiddur út ef umsækjandi skilar ekki inn verkefnum fyrir útgefna dagsetningar.

Ungmennafélag Íslands og Norræna félagið eru í samstarfi þegar kemur að úthlutun styrkja til náms við lýðháskóla í Danmörku. Umsækjendur geta því einungis hlotið styrk frá öðrum samtökunum.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2018 fyrir haustönn og heilt ár.

Umsóknarfrestur fyrir vorönn er 10. janúar 2019.

Allir styrkir eru greiddir eftir á í júlí 2019.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður, ragnheidur@umfi.is